

Stjórnarfundur UMSB

18.03.2014 – kl. 20.00

Skrifstofa UMSB, Borgarnesi

Mættir: Sigurður Guðmundson, Pálmi Blængsson, Þórhildur María Kristinsdóttir og Sólrún Halla Bjarnadóttir, Kristín Gunnarsdóttir mætti kl. 20:20.

Dagskrá fundar:

- Formaður setur fundinn
- Árið framundan-núverandi og komandi verkefni
  - Viðræður við Hvalfjarðarsveit  
Sigurður og Pálmi fóru og hittu Laufey sveitastjóra Hvalfjarðarsveitar. Sigurður bindur góðar vonir við að hafa náð að vekja áhuga á samstarfi og samningi líkt og UMSB og Borgarbyggð hafa gert. Ákveðið að senda á sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar formlegt bréf um þessi mál. Einnig hafði Laufey mikinn áhuga á hugmyndum um tómstundaskóla og almennt jákvæð viðbrögð um þessi mál.  
Ekki er byrjað að ræða formlega við Skorradalshrepp. Ákveðið var að bíða fram yfir kosningar með að senda á þá bréf um viðræður um samning og samstarf líkt og gert hefur verið hjá UMSB og Borgarbyggð.
  - Íþrótt og tómstundaskólinn  
Pálmi hitti Bjarka Þorsteinsson og Ásthildi fræðslustjóra vegna íþrótt og tómstundaskóla. Lagt var til að stofnuð yrði framkvæmdanefnd, það var svo lagt fyrir fund fræðslunefndar og það samþykkt. Lagt var til að í nefndinni myndu sitja; Pálmi Blængsson og Sigurður Guðmundsson fyrir UMSB, Ásthildur fræðslustjóri fyrir Borgarbyggð, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir skólastjóri Grunnskóla Borgarfjarðar og Signý Óskarsdóttir skólastjóri Grunnskóla Borgarness. Ef samningar nást um íþrótt og tómstundaskóla leysast vonandi húsnæðismál UMSB.
  - Heimasíðan  
Reiknað með að heimasíðan verði klár fyrir páska, en eftir er að laga nokkur smáatriði. Áætlað er að halda námskeið í Felix sem

fyrst, og við sama tækifæri á að bjóða félagsmönnum smá kennslu í notkun á heimasíðuni.

- Búningar-hvernig komum við þeim út?  
Búningarnir komnir og áætlað er að koma þeim í umferð sem fyrst. Ákveðið var að Þórhildur María Kristinsdóttir og Agnes taki búningana til sín í íþróttahúsin í Varmalandi og Kleppjárnsreykjum svo börn/fólk í uppsveitum eigi auðveldara með að máta.
- Unglingalandsmót í ágúst-hópstjóri  
Hafa samband við Sigríði Bjarnadóttur, en hún bauð sig fram á síðasta landsmóti, Pálmi ætlar að heyra í henni.  
Unglingalandsmótið er á Sauðárkróki í ár. Senda stjórnunum aðildarfélaganna áminningu um landsmótin og reyna að vekja áhuga á þátttöku.
- unglíngalandsmótsnefnd- mótið okkar 2016  
Pálmi Blængson, Hrönn Jónsdóttir, Bjarki Þorsteinsson, Ásthildur fræðslustjóri og Jökull Helgason. Nefndin er byrjuð að starfa og hefur rætt hugmyndir um að fá að taka að sér Kárastaðaland og hvort það sé ekki hægt að gera þarna einhvern framtíðarstað fyrir tjaldstæði og almennt útivistarsvæði. Hugmyndir um hvort ekki væri sniðugt að fá skóræktina og skátana í samstarf ef af verður. Ákveðið að taka þetta upp á hverjum stjórnarfundum framvegis svo hægt sé að fylgjast vel með gangi mála.
- Umsókn um landsmót 2017-samstarfsaðilar?  
Við viljum halda það með einhverjum úr SamVest samstarfinu á okkar eigin forsendum. Aðalfundur SamVest er 6.apríl og kanna á þar hvort áhugi er fyrir samstarfi um að halda Landsmót 2017. Pálmi ætlar að mæta á aðalfund SamVest og koma þessari umræðu afstað.
- Vinnuhópur v. skólastefnu Borgarbyggðar  
Pálmi segir okkur frá bréfi um endurskoðun á skólastefnu Borgarbyggðar og UMSB er boðið að hafa fulltrúa í nefndinni. Pálmi verður fulltrúi UMSB í þessari nefnd.
- Kvennahlaup Sjóvá í umsjón UMSB  
Kristín tekur umræðu um þetta við Hrönn formann frjálsíþróttafélagsins.

- Íþróttavellirnir- okkar aðkoma  
Klára þarf samning við Golfklúbb Borgarness um umhirðu vallarins í Borgarnesi. Við fáum ekki vellina á Varmalandi, Hvanneyri og Kleppjárnsreykjum í okkar umsjá fyrir en 2015. Við vitum að það er greitt fyrir 5x slætti á hverjum velli í sumar og við þurfum að fá hugmyndir frá félögnum um hvernig væri best að fylgjast með því að það sé gert samviskusamlega.
- Forvarnarhópurinn- hvað er í gangi  
Pálmi segir okkur frá fundi forvarnarnefndar. Vildís forvarnarfulltrúi vill að átak sé gert í forvarnarstarfi í kringum páskana og eftirlit haft með útleigu á sumarhúsum. Lögreglan ætlar að halda námskeið um dyravörslu og verður skylda að allir hafi lokið námskeiði sem verða skráðir dyraverðir á skemmtunum.
- Grindavíkurmódelið- hvað eru þeir að gera öðruvísi?  
Pálmi kynnti sér hvernig íþróttamálum er háttað í Grindavík og sagði okkur stuttlega frá því. Í Grindavík er starfræktur forvarnar og eineltissjóður til að styðja við innviði íþróttar og barnastarfsins. Þetta verkefni þykir okkur spennandi og stefnum við að því að skoða þetta nánar og sjá hvort og hvernig megi koma svipuðu verkefni í gang hér í Borgarbyggð.
- Önnur mál.  
Aðeins rætt hvernig best væri að hafa reglur um íþróttahús, opnunartímar þurfa að vera á hreinu og samræmi á milli opunar sem snýr að almenningi í sundlaug og tækjasal.  
Biðja á afreksmannanefnd að skoða reglur fyrir afreksmannasjóðinn.  
Pálmi talaði við Guðrúnu í safnahúsinu og vill hún fá að vera með þegar farið verður í að taka til í eignum UMSB og sjá hvort þar sé eitthvað sem heima á í skjalasafninu.
- Næstu stjórnarfundir.  
Haldinn í Brún 8.apríl

Fundaritari  
Þórhildur María Kristinsdóttir